

**Mál nr. 524/2012****M  
og  
vátryggingafélagið X v/ sumarhúsatryggingar.****Ágreiningur um lögmati niðurfellingar sumarhúsatryggingar vegna vanskila á iðgjaldi.****Gögn.**

17. Málskot, móttakið 26.11.2012, ásamt fylgigögnum.
18. Bréf X, dags 28.12.2012, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 31.8.2001 komst á vátryggingarsamningur á milli M og X um fasteignatryggingu, sem síðar nefndist sumarhúsatrygging, vegna sumarhúss í eigu M. M eru búsett í Bandaríkjunum og því ekki með lögheimili hér á landi. Í vátryggingarskrárteini var heimili M skráð að Kirkjusandi í Reykjavík, þ.e. í höfuðstöðvum Íslandsbanka, en þar höfðu M stofnað bankareikning sem notaður var til greiðslu vátryggingariðgjaldsins samkvæmt greiðsluþjónustusamningi M við bankann.

Iðgjald fyrir vátrygginguna vegna ársins 2008 var ekki greitt. Í kjölfar greiðsludráttarins kveður X að send hafi verið áminningarbréf og síðan lokaadvörðun í samræmi við 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 á hið skráða heimilisfang að Kirkjusandi. Er bréfin voru endursend var árangurslaust reynt að afla upplýsinga hjá bankanum um heimilisfang M í Bandaríkjunum. Einnig hafi verið kannaðir möguleikar hjá Íslandspósti að senda tilkynningarnar í pósti í sumarhús þeirra, en það hafi ekki verið unnt. Fór svo að vátryggingin var felld úr gildi 4.11.2008 vegna vanskilanna.

Í lok árs 2011 varð vatnstjón í sumarhúsinu er vatnsleiðslur frostsprungu eftir bilun í hitaveitu. Í kjölfarið leituðu M til X og kröfðust bóta vegna tjónsins. X hafnaði kröfu þeirra þar sem sumarhúsatryggingin hafði fallið úr gildi 4.11.2008 eins og fyrr getur. M hafa vilja ekki una afstöðu X. Þau telja að það hafi verið fyrir tilverknað X að heimili þeirra hafi verið skráð að Kirkjusandi, en það hafi verið mistök og gert án þeirra vitundar. X hafi ekki gætt hagsmuna M sem vátryggingartaka, sbr. 9. gr. vsl. Niðurfelling vártryggingarinnar hafi verið ólögmet og því beri að líta svo á að hún verið í gildi er tjónið varð í árslok 2011.

**Álit.**

X hafa hafnað því að hafa breytt heimilisfangi M í þjóðskrá. Upplýsingar um heimilisfangið hafi verið fengnar úr þjóðskrá sem er beintengd tölvukerfi X. Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um það hvernig það mun hafa atvikast að heimilisfang M var skráð að Kirkjusandi. Gegn neitun X verður við það að miða að umrætt heimilisfang hafi verið svo í þjóðskrá af ástæðum sem X ber ekki ábyrgð á. Ekki verður annað ráðið en X hafi reynt að koma tilkynningum um vanskil á iðgjaldinu til M eins og af sanngirni má krefjast, einkum þegar litið er til ákvæðis í sameiginlegum skilmálum vátryggingarinnar um iðgjaldsgreiðslur að krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang sem vátryggingartaki hefur tilgreint. Vátryggingin var því niður fallin þegar tjónið varð í sumarhúsinu. Greiðsluskylda er því ekki fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Sumarhúsatrygging M hjá X var fallin niður þegar vatnstjón varð í sumarhúsi þeirra í árslok 2011. Greiðsluskylda er því ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 22. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.